



## 447. fundur

**haldinn í bæjarráðssal,  
fimmtudaginn 19. mars 2009 og hófst hann kl. 17.00**

**Fundinn sátu:** Ólafur Guðmundsson, formaður, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Davíð Sveinsson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Arna Sædal Andrésdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Arna Sædal Andrésdóttir.

Ólafur Guðmundsson setti fund og fól Erlu bæjarstjóra fundarstjórn.

### Fundargerðir nefnda.

#### 1. 0903012 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 16.03.2009 (115. fundur).

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** Reitarvegur 6a, íbúðarhús. Byggingarleyfi.

Jon Nordstein kt. 180756 2139 sækir um f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 um að byggja einbýlishús við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arkitektarstofu Olöf og Jon ehf. dags. 6. mars '09 . Stærðir: 587,9 m<sup>3</sup>, 193,8 m<sup>2</sup>.

Nefndin samþykkir samkvæmt 7. mgr. 43. Gr. skipulags- og byggingarlaga, að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn fyrir eigendum húsa við Reitaveg nr. 2, 4, 4a og 6.

#### Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Liður 2** Aðalgata 17, bankaútibú. Byggingarleyfisumsókn.

Steinar Sigurðsson sækir um f.h. Nýja Kaupþingsbanka kt. 3711-1-00230170 að byggja útibú bankans að Aðalgötu 17 samkvæmt teikningum frá Steinari Sigurðssyni arkitekt FAÍ dags. 7.03. '09. Stærðir: 1.410,8 m<sup>3</sup>, 312,5 m<sup>2</sup>.  
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.

#### Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Helgi situr hjá við lið nr. 3 vegna tengsla.

**Liður 3** Víkurgata 8, stækkun og endurbygging á útihúsi.

Jon Nordstein sækir um f.h. Þorgeirs Kristóferssonar kt. 101261 7199 Víkurgötu 8, að endurbyggja og stækka útihús á lóð fyrir bílskúr, bátaskýli og vinnustofu með geymslulofti, sbr. bréf og teikningar dags 6. mars '09.

Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið sem óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlögum.

Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir eigendum/leigjendum húsa við Víkurgötu 7, Laufásvegi 4, Aðalgötu 11 og 13.

#### Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



**Liður 4** Nýræktarland. Fjánhús.

Lagðar fram teikningar af fjárhúsi Benedikts Frímannssonar mótt. 3.03.'09.  
Samþykki Ræktunarfélags Stykkishólmsbæjar liggur fyrir.  
Nefndin samþykkir stöðuleyfi á fjárhúsi.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 5** Hamraendi 3, mhl. 010101, milliloft.

Friðrik Jónsson sækir um f.h. Vírus ehf, kt. 531106 2370 að byggja milliloft í bil mhl. 010101 við Hamraenda 3 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK, dags. mars 2009.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. Gjöld samtals kr.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 6** deiliskipulagsbreyting á frístundabyggð við Arnarborg.

Lögð fram athugasemdir frá Skipulagsstofnun dags. 6.03.2009 vegna breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Arnarborg.

Nefndin leggur til að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu á frístundabyggð við Arnarborg dags. 28.08.2008, samkvæmt 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Fundargerð samþykkt.**

**2. 0903007 - Fundargerð fræðslunefndar, dags. 04.03.2009 (97. fundur).**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**3. 0903018 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 03.03.2009 (33. fundur).**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**4. 0903003 - Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 02.03.2009 (32. fundur).**

Fundargerð framlögð

**Liður 2** tillaga kom fram um að ekki eigi að velja í ungmennaráð út frá pólitík, þ.e. að meirihluti velji þrjá en minnihluti tvo. Að þetta eigi að vera óbundið flokkum og á að snúast um hæfa og áhugasama krakka. Þessari tillögu er vísað til bæjarstjórnar/bæjarráðs.

Bæjarráð bendir á af þessu tilefni að það er á valdi æskulýðs- og íþróttanefndar á hvaða forsendum og hverja hún tilnefni í ungmennaráð hverju sinni. Bæjarstjórn staðfestir síðan tilnefninguna skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.

Tillaga frá Vigni, sparnaður fyrir sumarið að stytta opnunartíma sundlaugarinnar yfir sumarið, í t.d frá 11-18, á laugardögum og sunnudögum, stytta um 2 tíma á dag þessa daga. Þessari tillögu er vísað áfram til bæjarstjórnar/bæjarráðs.

Bæjarstjóra falið að ræða við forstöðumann íþróttamiðstöðvarinnar.



### **Fundargerð samþykkt.**

5. **0902043 - Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 24.02.2009 (73. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
6. **0902042 - Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 23.02.2009 (22. fundur).**  
Fundargerð framlögð, bæjarráð samþykkir dagsetningu á umhverfisviku 11.-16. maí. Fundargerð samþykkt.
7. **0902030 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 12.02.2009 (57. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.

### **Aðrar fundargerðir**

8. **0903031 - Fundargerðir afmælisnefndar hafskipabryggju, dags. janúar-mars 2009 (1.-5. fundur).**  
Fundargerðir framlagðar.
9. **0903015 - Fundargerð stjórnarfundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 06.03.2009.**  
Fundargerð framlögð.
10. **0903016 - Fundargerð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 06.03.2009 (12. fundur).**  
Fundargerð framlögð.
11. **0903008 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 04.02.2009 (97. fundur), ([www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is)).**  
Fundargerð framlögð.
12. **0902037 - Fundargerð aðalfundar Héraðsnefndar Snæfellinga 2009, dags. 09.02.2009.**  
Fundargerð framlögð.

### **Erindi til kynningar**

13. **0903035 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 12.03.2009 varðandi Menningarlandið 2009-Ráðstefna á Hótel Stykkishólmi (11. og 12. maí 2009).**  
Framlagt.
14. **0903034 - Bréf Samgönguráðuneytis, dags. 13.03.2009 varðandi ferjusiglingar yfir Breiðafjörð.**  
Framlagt.
15. **0903033 - Bréf og auglýsing Ungmennafélags Íslands, dags. 13.03.2009 varðandi undirbúning og framkvæmd 14. Unglingalandsmóts UMFÍ árið 2011.**  
Framlagt.
16. **0903026 - Bréf Emils Þór Guðbjörnssonar, dags. 11.03.2009 varðandi lausn frá setu sem nefndarmaður í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar.**  
Framlagt. Bæjarráð samþykkir lausn Emils Þór Guðbjörnssonar frá setu sem nefndarmaður í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar.
17. **0903023 - Bréf (og ljósmynd) meistaraflokks kvenna Snæfells í körfubolta tb. 2008-2009, ódags. varðandi þakkir við stuðning.**  
Framlagt.
18. **0903021 - Bréf Sorpurðunar Vesturlands, dags. 10.03.2009 varðandi magntölur sorps eftir sorpflokkum (vinnuskjal) og fundargerð Sorpurðunar Vesturlands, 03.03.2009.**  
Framlagt.
19. **0903009 - Bréf SSV, dags. 04.03.2009 varðandi frumkvöðul Vesturlands 2008.**  
Framlagt.



20. **0903006 - Bréf forsætisráðuneytis, dags. 02.03.2009 varðandi úttekt á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins.**  
Framlagt.
21. **0903001 - Fjárhagsupplýsingar sveitarfélaga-janúar 2009.**  
Framlagt.
22. **0902046 - Fundarboð Sorpurðunar Vesturlands hf., ódags. varðandi fund um skráningu á sorpmagni og sorpflokkum (03.03.2009).**  
Framlagt.
23. **0902045 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 20.02.2009 varðandi áætlanir um úthlutanir framlaga á árinu 2009.**  
Framlagt.
24. **0902040 - Dagskrá aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf. (6. mars 2009), skýrsla og ársreikningur 2008.**  
Framlagt.
25. **0902038 - Ljósrit af bréfi samgöngumálaráðuneytis til Vegagerðarinnar, dags. 18.02.2009 varðandi ferjusiglingar.**  
Framlagt.
26. **0902034 - Bréf KSÍ, dags. 17.02.2009 varðandi ályktun er samþykkt var á 63. ársþingi KSÍ.**  
Framlagt.
27. **0902032 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16.02.2009 varðandi boðun á XXIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga (13.03.2009).**  
Framlagt.
28. **0902031 - Bréf Menningarráðs Vesturlands, dags. 12.02.2009 varðandi boð um viðveru við afhendingu styrkja 27.02.2009.**  
Framlagt.
29. **0902029 - Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 10.02.2009 varðandi aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., 13.03.2009.**  
Framlagt.
30. **0902028 - Bréf Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi, dags. 12.02.2009 varðandi landsráðstefnu um Staðardagskrá 21, 20.03.2009 (á Hótel Stykkishólmi).**  
Framlagt.
31. **0902026 - Bréf Varasjóðs húsnæðismála, dags. 09.02.2009 varðandi rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna rekstrarhalla félagslegra íbúða vegna ársins 2008.**  
Framlagt.
32. **0902024 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 06.02.2009 varðandi húsaleigubætur.**  
Framlagt.
33. **0902023 - Bréf Siglingastofnunar Íslands, dags. 10.02.2009 varðandi hafnaframkvæmdir vegna ferjusiglinga frá Stykkishólmshöfn.**  
Framlagt.
34. **0902025 - Stefna Jóhönnu Jónu Guðbrandsdóttur á hendur Stykkishólmsbæ.**  
Framlagt.

**Erindi til afgreiðslu/umsagnir**

35. **0902013 - Bréf Arkís Stúdíó ehf., dags. 06.02.2009 varðandi heilsuhótel.**  
Bæjarráð samþykkir að verslunar- og þjónustusvæðinu sem er við Sundvík skv. aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar verði ekki úthlutað til annarra en Arkís næsta árið



þ.e. til 31. mars 2010.

**36. 0903032 - Tilnefning í Þjóðhátíðarnefnd 2009.**

Tilnefningum í nefndina vísað til bæjarstjórnar.

**37. 0903030 - Bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 13.03.2009 varðandi umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir golfskálann við Aðalgötu í Stykkishólmi.**

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir golfskálann við Aðalgötu í Stykkishólmi.

**38. 0903029 - Guðbjörn Þór Ævarsson sækir um framkvæmdafrest við lóð að Skúlagötu 25. Sótt er um frestinn vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu.**

Bæjarráð veitir Guðbirni Þór Ævarssyni lokafrest til 30. júní 2009 til að hefja framkvæmdir á lóðinni að Skúlagötu 25, vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna í þjóðfélaginu.

**39. 0903028 - Bréf Gunnars Svanlaugssonar, skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi, dags. 16.03.2009 varðandi undirbúning fyrir skólastarf næsta vetrar.**

Gunnari Svanlaugssyni skólastjóra og starfsmönnum skólans eru þakkað frumkvæði að því að flytja alla starfssemi Grunnskólans að Borgarbraut 6. Erindinu vísað til fræðslunefndar til umsagnar.

**40. 0903027 - Drög að erindisbréfi vinnuhóps um mótun tillagna að framtíðarþúsetuúrræði fyrir aldraða og fatlaða í Stykkishólmsbæ.**

Erindisbréf framlagt og samþykkt.

**41. 0903022 - Bréf FSSF, dags. 09.03.2009, trúnaðarmál.**

Erindi samþykkt.

**42. 0903019 - Bréf FSSF, dags. 06.03.2009, trúnaðarmál.**

Afstaða bæjarráð Stykkishólmsbæjar er að hafna slíkum erindum.

**43. 0903017 - Bréf Ástu Hermannsdóttur, dags. 08.03.2009 varðandi styrk við rannsóknarverkefni um fornminjar og menningartengda ferðaþjónustu.**

Bæjarráð er fylgjandi verkefninu og felur bæjarstjóra að ræða frekar við Ástu Hermannsdóttur um með hvaða hætti Stykkishólmsbær getur komið að verkefninu.

**44. 0903013 - Hanna María Björgvinsdóttir sækir um framkvæmdafrest við lóð að Skúlagötu 23 fyrir hönd Auðar Hinriksdóttur. Sótt er um frestinn vegna ástands sem skapast hefur í þjóðfélaginu undanfarna mánuði.**

Bæjarráð veitir Auði Hinriksdóttur lokafrest til 30. júní 2009 til að hefja framkvæmdir á lóðinni að Skúlagötu 23, vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna í þjóðfélaginu.

**45. 0903002 - Bréf Flugstoða ohf., dags. 25.02.2009 varðandi þjónustustig tiltekinna flugvalla vegna sparnaðarráðstafana.**

Bæjarráð óskar eftir upplýsingum frá Flugstoðum um hve mikið er áformað að spara með þessum aðgerðum. Einnig hvaða áhrif þessar aðgerðir hafa á öryggismál að hætta veitingu flugupplýsingaþjónustu og að slökkva á radíóvita og þá ekki aðeins fyrir Stykkishólmi heldur einnig aðra flugvelli sem radíóvitinn þjónar. Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um hvaða áhrif það hefur á öryggi að hætta rekstri aðflugshallaljósa.

**46. 0902036 - Bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 17.02.2009 varðandi auglýsingu til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2008/2009.**

Umsókn um byggðakvóta framlögð og samþykkt.

**47. 0812020 - Tölvupóstur Rósu Guðmundsdóttur, dags. 10.12.2008 varðandi minnisblað frá Dreifmennt, samning um launagreiðslur og samning um dreifmennt í grunnskólum.**



Samþykkt að tilnefna Gretar D. Pálsson í stýrishóp.

**Samningar/tilboð**

**48. 0903020 - Leigusamningur um atvinnuhúsnæði, Aðalgata 5, Stykkishólmi.**

Leigusamningur framlagður og samþykktur með tveimur atkvæðum og DS situr hjá.

**Annað**

**49. 0902044 - Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2008.**

Framlagt.

**50. 0902027 - Golfklúbburinn Mostri Stykkishólmi, ársskýrsla 2008.**

Framlagt.

**Önnur mál**

**51. Bréf FSSF, dags. 11.03.2009, trúnaðarmál.**

Erindi samþykkt.

**52. Fyrirspurn frá DS um verkefnið hjá Heilsueflingu.**

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45

Arna S. Andrésdóttir.